
Borgarstjóri um Vatnsendamál:

Sýnist álit Lagastofnunar eiga við rök að styðjast

ÉG HEF ekki séð þetta álit Lagastofnunar en fljótt á litið getur maður ekki gert lögfræðilegan ágreining við þau sjónarmið sem þar koma fram," sagði Davíð Oddsson borgarstjóri þegar leitað var viðbragða hans við áliti því sem Lagastofnun Háskólans hefur látið frá sér fara um stöðu Kópavogsbæjar gagnvart samningi Reykjavikurborgar og Magnúsar Hjaltested bónda á Vatnsenda um kaup á landi hans.

„Miðað við þær fréttir sem ég hef af þessu heyrt þá hallast ég að því að þetta álit eigi við rök að styðjast. Þetta mál er dálítið sérstakt allt saman og af þeim ástæðum setti borgin í sitt kauptilboð fyrirvara um kaupin. Það er seljandans samkvæmt samkomulaginu að gangast eftir því að þessum fyrirvörum sé fullnægt og ef það gerist ekki verða engin kaup," sagði borgarstjóri.

„Reyndar held ég að Kópavogur missi gott tækifæri ef ekki er hugur hjá því sveitarfélagi að Reykjavíkurborg og Kópavogur gangi sameiginlega til þesara kaupa með þeim hætti að landkostir þess hluta jarðarinnar sem keyptur er nýtist sem best báðum sveitarfélögunum. Í því sambandi hefði auðvitað verið hugsanlegt að sá hluti kaupverðs, sem í slíkum samningum kæmi í hlut Kópavogs, yrði greiddur mun síðar en sá, sem kemur í hlut borgarinnar, þar sem landið nýtist borginni mun fyrr. Sé slíkur vilji ekki fyrir hendi hjá bæjaryfirvöldum í Kópavogi, einkum vegna þess að fjármál bæjarins munu vera í erfiðleikum, ef ekki í einhverjum ólestri, þá er ekkert við því að segja," sagði Davíð Oddson borgarstjóri.



Fjallahringur, eitt verka Guðnýjar Magnúsdóttur sem nú sýnir á Kjarvalsstöðum.

Guðný Magnúsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum

GUÐNÝ Magnúsdóttir, myndlistarmaður, opnar sýningu í vesturforsal Kjarvalsstaða laugardaginn 27. janúar kl. 14. Á sýningunni verðar skúlptúrar og veggmyndir úr leir.

Verkin eru unnin á síðasta ári. Þetta er sjötta einkasýning Guðnýjar og sú fjórða í Reykjavík, en tvær einkasýningar hélt hún í Helsinki þar sem hún starfaði í fjögur ár, 1981-1985. Hún hefur tekið þátt í fjölda einkasýninga á Íslandi, Norðurlöndunum, í Frakklandi, Japan og Bandaríkjunum.

10 ára afmæli íslenska „kvikmyndavorsins"

ÁRATUGUR er liðinn frá frumsýningu fyrstu íslensku kvikmyndarinnar á hinu svokallaða „kvikmyndavori", eða frá því að samfelld kvikmyndagerð hófst í landinu. Í tilefni þess hyggst Félag kvikmyndagerðarmanna efna til ráðstefnu í „Rúgbrauðsgerðinni", Borgartúni 6, í dag, kl. 17.

Á ráðstefnunni verður horft yfir farinn veg og reynt að meta stöðu íslensku kvikmyndarinnar í dag. Á síðasta áratug sáu að meðaltali 260.000 Íslendinga íslenska kvikmynd á ári hverju. Þriðja hver mynd sem dreift var erlendis hlaut viðurkenningu eða verðlaun á alþjóðavettvangi og um 260 milljónir vesturlandabúa sáu íslenskar kvikmyndir á sama tíma. Samt stendur íslensk kvikmyndagerð höllum fæti í dag og svo gæti farið að hún legðist af með öllu.

Ávörp á ráðstefnunni flytja: Þorsteinn Jónsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna, Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, Ágúst Guðmundsson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þráinn Bertelsson, kvikmyndagerðarmaður og Svavar Gestsson, menntamálaráðherra.

(Fréttatilkynning)

Orgeltónleikar í Hallgrímskirkju á sunnudag

LISTVINAFÉLAG Hallgrímskirkju gengst fyrir orgeltónleikum í Hallgrímskirkju, sunnudaginn 28. janúar, kl. 17. Hörður Áskelsson organisti kirkjunnar leikur orgelverk eftir Bach og Buxtehude, meðal annars Passacaglíur beggja höfundanna.

Auk hinnar stórbrotnu passacaglíu í c-moll eftir J.S. Bach og passacaglíu í d-moll eftir Buxtehude verða prelúdíur, fúgur og sáluforleikir beggja höfunda á efnisskránni. Hörður leikur á 10 radda kórorgel kirkjunnar, sem var smíðað af Frobenius-orgelsmiðjunni í Kaupmannahöfn. Þessir tónleikar, sem eru áskriftartónleikar hjá félaginu, eru jafnframt haldnir til fjáröflunar fyrir orgelsjóð Hallgrímskirkju og rennur aðgangseyrir óskiptur í orgelsjóð. Seint á síðasta ári var undirritaður kaupsamningur um 70 radda orgel við Klais-orgelsmiðjuna í Bonn. Smíðatími er tvö og hálft ár og verður að greiða orgelið að mestu á þeim tíma. Verið er að undirbúa átak til fjáröflunar sem Listvinafélagið á aðild að. Á tónleikunum á sunnudag verður til sýnis teikning af hinu væntanlega Klais-orgeli Hallgrímskirkju.

(Fréttatilkynning)



Hörður Áskelsson organisti Hallgrímskirkju.

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík:

Þorrablót í Valhöll

ÞORRABLÓT verður haldið á vegum sjálfstæðisfélaganna Hvatar, Heimdallar, Óðins og Varðar í Valhöll laugardaginn 27. janúar næstkomandi. Blótinu stýrir Þuríður Pálsdóttir, og Davíð Oddsson borgarstjóri flytur ræðu.

Á dagskrá þorrablótsins er auk þess vikivakadans blótsgesta og fjöldasöngur, og mun Jórunn Viðar tónskáld annast undirleik. Miðasala og pantanir verða í Valhöll í dag og á morgun frá kl. 9-17, og er miðaverð 1.500 krónur. Húsið opnar kl. 19 á laugardaginn, og verður þorraborðið tilbúið kl. 20.



ÚTSALA - ÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

HAGKAUP

Allt í einni ferð